

Heil og sæl

Sambandið býður sveitarstjórnarmönnum upp á námsferð til Svíþjóðar 29. ágúst til 1. september nk. til að kynna sér íbúalýðræði í sænskum sveitarfélögum en þau standa mjög framarlega á því sviði í Evrópu og þótt víðar væri leitað.

Lena Langlet sem stýrir íbúasamráðsverkefni sænska sveitarfélagasambandsins, SKL, aðstoðar við skipulagningu. Hópurinn mun fá kynningar hjá SKL og heimsækja sveitarfélög á Stokkhólmssvæðinu.

Í Svíþjóð er áherslan á að samþætta íbúasamráð inn í ákvörðunartökuferla og beita réttum aðferðum til að ná til rétts hóps íbúa.

Hér eru nánari upplýsingar á sænsku:

<http://skl.se/demokratiledningstyrning/medborgardialogdelaktighet/medborgardialog.372.html>

og hér á ensku:

<http://skl.se/tjanster/englishpages/activities/dialoguewithcitizens/factsaboutdialoguewithcitizensinsweden.1422.html>

Västerås eitt þeirra sveitarfélaga sem ráðgert er að heimsækja. Västerås er 100 km. fyrir vestan Stokkhólm og er gert ráð fyrir að hópurinn hafi bækistöð þar. Sambandið hefur látið taka frá 25-30 herbergi á Elite Stadshotellet í Västerås frá 29. ágúst til 1. september, sjá hér að neðan.

Eftir skoðun kom í ljós að ekki er fýsilegt að bóka hópflug heldur heppilegra að hver og einn bóki flug fyrir sig. Sambandið vill benda á að Flugvélar Wowair til Stokkhólms lenda á Västeråsflugvelli. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Wowair í dag er hægt að fá flug út 29. ágúst og heim 1. sept. á rúmlega 20 þús.kr.

Hér eru drög að dagskrá með fyrirvara um að ennþá er beðið eftir endanlegum staðfestingum frá nokkrum aðilum:

- 29. ágúst: Wowair lendir á Västeråsflugvelli kl. 12:00. Heimsókn til Västeråsborgar um eftirmiðdaginn.
- 30. ágúst: Heimsókn til sænska sveitarfélagasambandsins, SKL, á Södermalm í Stokkhólmi. Lest frá Västerås og möguleiki á frjálsum tíma í Stokkhólmi.
- 31. ágúst: Heimsóknir til sveitarfélaga á Stokkhólmssvæðinu.
- 1. sept.: Hádegisflug heim frá Västeråsflugvelli

Kostnaðarþættir eru: Flugmiðar, ferðakostnaður innan Stokkhólmssvæðisins með lest og hugsanlega rútu, og uppihalds- og hótélkostnaður, sjá hér að neðan:

„Bokningen Elite Stadshotellet i Västerås Box 19

721 03 Västerås

tfn.(vxl) 021-10 28 00

tfn.(direkt) 021-10 28 20

Fax. 021-10 28 10

mail: reservation.vasteras@elite.se

www.elite.se

Rate for 1 person: 1100 SEK per night and room

Rate for 2 persons 1300 SEK per night and room

Rates are including breakfast buffé and taxes.“

Ferðin er opin öllum, og ætti að geta gagnast bæði kjörnum fulltrúum og öðrum stjórnendum sveitarfélaga, og auðvitað þeim sem vinna beint með íbúasamráð.

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í ferðinni eru vinsamlegast beðnir um að skrá sig með tölvupósti til mín. Fyrstir koma og fyrstir fá.



Anna Guðrún Björnsdóttir
sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs